

1 Runnaffill/púði 50 x 50 cm; innifalið í verði er dökk uppistaða úr tvöföldu kambgarni og fínn þráður úr moragarni bæði í uppistöðu og ívafi. Nemendur hafa kost á að vefa tvö púðaborð og geta valið að hafa sitt hvora hliðina sem réttu en koma með sitt eigið kambgarn í litum fyrir ívafið. Verð: pr 2 stk



2. Gullstör/handþurrkur ca 44 x 60 cm; innifalið í verði er ljós uppistaða úr tvöfaldri bómull og fínn bómullarþráður 16/2 bæði í uppistöðu og ívafi. Nemendur hafa kost á að velja um þrjár breytilegar munsturbindingar og koma með grófa bómull í litum að eigin vali fyrir ívafið, gefin er kostur á að vefa tvær handþurrkur. Verð: pr 2 stk



3. Laugadepla/borðrenningur/diskamottur ca 37 x 152; innifalið í verði er 2 litir í uppistöðunni úr cottonlini, 2 þr sem 1 og merceriseruð bómull 30/2 sem fínn þráður bæði í uppistöðu og ívafi. Ívafið er hör 16/2, 2 þr sem 1 sem. Nemendur vefa einn borðrenning. Litir verða svipaðir og eru í bókinni. Verð pr 1 stk:

